


## INNGANGUR

Deiliskipulagi þessu er hrint úr vör vegna óska Isavia ohf. um byggingu nýs þjónustuvegar á milli tveggja flugþjónustukjarna; Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Háaleitishlaðs.

Um er að ræða nýjan veg á þegar röskuðu svæði sem mun þjóna allri þeirri umferð sem á erindi milli svæðanna. Mun umferð um veginn samanstanda af farþegarútum, „pushback tug“ bílum, slökkviliðs- og eldsneytisbílum sem og annarri þjónustutengdri umferð.

Núverandi vegur á svæðinu uppfyllir ekki núverandi þarfir um burðarþol vegs vegna þungrar umferðar, en ofangreind farartæki eru sum hver með ásþunga allt að 30t. Auk þess er vegurinn í slæmu ásigkomulagi, en verður þó nýttur áfram (fram til 2020) undir umferð verktaka á flughlaði. Flugvallartengd þjónusta og viðhald/uppbygging flugvallar mun því ekki nýta sama veginn á þeim tíma.

## 1. FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR

### 1.1 Aðalskipulag

Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005-2025.

### 1.2 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir stærstan hluta svæðisins en vestasti hluti þess liggur innan deiliskipulags Keflavíkurflugvallar frá 1997. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkir að deiliskipulag þess hluta skipulagssvæðisins frá 1997 sem skarast við þetta skipulag NA-svæði Keflavíkurflugvallar, falli niður frá gildistöku þessa skipulags.

## 2. SKIPULAGSSVÆÐIÐ

### 2.1 Afmörkun og lega

Skipulagssvæðið liggur á milli tveggja deiliskipulagssvæða sem nú eru í vinnslu; annars vegar vestursvæðis (Flugstöð Leifs Eiríkssonar/FLE) og hins vegar austursvæðis (Háaleitishlað).

Skipulagssvæðið er um 142 ha að stærð. Það afmarkast í *austri* af skilgreindum mörkum Keflavíkurflugvallar (flugvallargirðing) meðfram Reykjanesbraut, til *suðurs* að deiliskipu-lagsmörkum Háaleitishlaðs, til vesturs að deiliskipulagsmörkum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar /FLE og til *suðvesturs* af flugbrautum Keflavíkurflugvallar. Afmörkun deiliskipulagsins mætir skipulagssvæði Reykjanesbæjar og Sveitarfélagsins Garðs til norðurs og norðaustur.

Hluti af deiliskipulaginu liggur innan gildandi deiliskipulags Keflavíkurflugvallar frá 1997. Í vinnslu er nýtt deiliskipulag fyrir flugvöllinn og munu skipulagsmörkin liggja í samræmi við skipulag þetta. Breyting á afmörkun gildandi deiliskipulag Keflavíkurflugvallar mun verða samþykkt og auglýst í niðurstöðu skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar.

### 2.2 Landnotkun

Í Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005 – 2025 er landnotkun skilgreind sem “óbyggt svæði”.

### 2.3 Eignarhald á landi

Landið er á skipulagssvæði Keflavíkurflugvallar og er Isavía með lóðarleiguréttindi á skipulagssvæðinu.

### 2.4 Staðhættir

Deiliskipulagssvæðið liggur í jaðri norðausturhluta Keflavíkurflugvallar og er innan haftasvæðis flugvallarins. Á svæðinu gilda þar af leiðandi staðlar Alþjóða Flugmálastofnunarinnar (ICAO) um hindranafleti flugbrauta og takmarkanir innan þeirra.

Landssvæðið sjálft er hrjóstrugt sléttlendi; melar með fláka af uppgræddu landi milli þeirra.

Eldri malarvegur sem lagður var klæðningu liggur eftir svæðinu og tengir saman vestursvæði (Flugstöð Leifs Eiríkssonar) og austursvæði (Háaleitishlað). Innan svæðisins er að finna eitt hús; Pétursvöll 15. Lóðin er afmörkuð og í gildi er lóðarblað.

### 2.5 Veitur

Nokkrar stofnlagnir veitna eru innan svæðisins; hitaveitu- og raflögn, olíulögn og vatnsveitu-lögn — sem liggja sitt hvoru hvoru megin við núverandi tengiveg — og háspennustrengur vestast á svæðinu.
Ekki er gert ráð fyrir breytingum á stofnkerfum þessara veitna á skipulagstímanum.

### 2.6 Ofanvatn

Settjörn og olíugildrur eru á svæðinu vegna ofanvatns frá flughlöðum og öðrum svæðum.

### 2.7 Menningar- og náttúrminjar

Ekki er vitað til þess að menningarminjar séu að finna í grennd við fyrirhugað vegstæði, né sérstakar jarðmyndanir og fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands deiliskipulagi þessi.

### 2.8 Kvaðir

Engar kvaðir eru skilgreindar á deiliskipulagssvæðinu.

## 3. MARKMIÐ DEILISKIPULAGSINS

Meginmarkmið deiliskipulagsins er að bæta vegtengingu milli flughlaða vestur- og austursvæðis Keflavíkurflugvallar; Flugstöðvarsvæðis Leifs Eiríkssonar og Háaleitishlaðs.

## 4. SKIPULAGSTILLAGAN

### 4.1 Nýr tengivegur

Vegurinn mun liggja samhliða núv. vegstæði á þegar röskuðu landi.
Gert er ráð fyrir að vegurinn verði um 2,5km langur og almennt 10m breiður (þungaumferð) auk 2x1m axla. Við nánari útfærslu og hönnun vegarins verður sérstaklega tekið tillit til helgunarsvæðis núv.olíulagnar, en gert er ráð fyrir að vegurinn verði að lágmarki 5m frá olíulögn. Helgunarsvæði olíulagnar er 10m; 5m í hvora átt frá lögn.

Gert er ráð fyrir að efnismagn vegar verði um 100.000 m3. Fyllingar um 65 þúsund og burðarlög um 35 þúsund. Gert er ráð fyrir að efni komi úr viðurkenndum námum með starfsleyfi. Efni sem fjarlægt er úr vegstæði verður notað í fláa utan á veg og í mön. Gert er ráð fyrir um 25.000 m3 í fláa og 50.000. m3 í mön við geymslusvæði. Áætluð sáning er um 51.000 m2.

#### 4.1.1 Yfirborðsefni

Vegurinn verður malbikaður. Gert er ráð fyrir að efni í burðarlag vegarins verði sótt í opnar námur í nágrenni Keflavíkurflugvallar.

#### 4.1.2 Vegtengingar

Frá nýju vegstæði er gert ráð fyrir vegtengingu sem gæti tengst hringtorgi á Reykjanesbraut (við Aðalgötu).

### 4.2 Mannvirki

#### 4.2.1 Flugbúnaður

Svæðið er flugvöllur. Innan deiliskipulagssvæðisins er heimild fyrir ýmsum búnaði er tilheyrir flugbrautum, s.s. aðflugs- og ljósabúnaði — með tilheyrandi lögnum og undirstöðum. Heimilt er að bæta við slíkum búnaði innan skilgreindra svæða.

#### 4.2.2 Smáhýsi

Heimild er innan deiliskipulagssvæðisins að byggja smáhýsi — allt að 15m$^2$ að stærð — í tengslum við ýmis konar aðflugsbúnað. Smáhýsin skulu vera skv. gildandi byggingarreglugerð nr. 112-2012, gr.2.3.5. Smáhýsin mega ekki vera fleiri en 10.

#### 4.2.3 Geymslusvæði

Heimild er innan deiliskipulagssvæðisins fyrir geymslusvæði við nýjan tengiveg. Geymslusvæðið er ætlað til nota fyrir búnað sem tilheyrir flugvallarrekstri og uppbyggingu svæðisins.
Áætluð stærð geymslusvæðisins er 1,0ha.

### 4.3 Menningar- og náttúrminjar

Fornminjaskráning hefur farið fram á svæðinu og eru engar þekktar forminjar á deiliskipulagssvæðinu.

## 5. UMHVERFISMAT

Vegurinn verður staðsettur við núverandi veg á röskuðu landi. Fyrirhugað vegstæði liggur um mel sem að hluta til hefur verið græddur upp og má ætla að umhverfisáhrif framkvæmda á gróður verði óveruleg. Vegurinn er að mati Isavia tilkynningarskyldur vegna mats á umhverfisáhrifum skv. lögum 106/2000



HLUTI AF AÐALSKIPULAGI KEFLAVÍKURFLUGVALLAR 2005-2025

Deiliskipulag þetta sem hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010, var samþykkt í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

þann 28. JÚNÍ 20 17 og í

Guðmundur Björnsson

Tillaga var auglýst frá 10. APRÍL 20 17
með athugasemdafresti til 24. MAÍ 20 17.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 17. JÚLÍ 20 17.

# KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

# NA-svæði Keflavíkurflugvallar

# DEILISKIPULAG

Dags: 20. júní 2017

Mælikvarði: 1:5000 (A1)

hornsteinar
arkitektar ehf
vinnustofa ingólfsstræti 5, 101 reykjavík
sími: 511 7011
netfang: hornsteinar@hornsteinar.is